

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

Tillaga Sósíalístaflakks Íslands vegna hraðaksturs á Sævarhöfða

Lagt er til að hraðahindrunum verði tafarlaust komið fyrir á Sævarhöfða vegna aukins hraðaksturs og glæfralegs framúraksturs.

Greinargerð

Þarna hefur verið komið fyrir aðstöðu fyrir þá sem velja að búa í hjólhýsum og húsbílum sínum en í ljós hefur komið að mikil hætta hefur skapast fyrir hjólabúana á svæðinu vegna þessa hraðaksturs. Bæði hefur skapast hætta fyrir þá sem eru að beygja inn á svæðið, þar sem bílar koma ítrekað á ofsahraða og stunda jafnvel framúrakstur á þeim kafla. Sömuleiðis skapast sú hætta að einhver missi stjórn á bíl sínum í hraðakstri eða framúrakstri og endi á einhverju hýsanna á staðnum með tilheyrandi slyshættu og eignatjóni. Þessi hætta er afar raunveruleg fyrir íbúa á staðnum og vetrartíð með tilheyrandi hálfu er þeim einkar kvíðvænleg vegna aukinnar hættu þessu tengdu. Temprun á hraða á Sævarhöfða myndi einnig skapa meira öryggi fyrir þá fjölmörgu óvörðu vegfarendur sem eiga leið um gangstíginn yfir í Bryggjuhverfið. Stefna þarf að því að ljúka uppsetningu á hraðahindrunum á Sævarhöfða áður en hálka fer að vera viðvarandi, því mætti skoða hvort hægt sé að setja upp bráðabirgða eða tímabundnar hindranir til að flýta framkvæmdinni eins og hægt er.